

Miðvikudaginn 17. júlí 1991.

Nr. 304/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Jósep Hjálmar Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald skv. 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að varnaraðili verði vistaður í afplánunarfangelsi á gæsluvarðhaldstíma.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og 3. og 5. töluliðar 67. gr. laga nr. 74/1974, að hann verði staðfestur.

Í hinum kærða úrskurði er m.a. svo frá greint: „Í greinargerð RLR kemur einnig fram, að til meðferðar séu sjö mál til viðbótar, sem kærði er grunaður um aðild að, en yfirheyrslur hafi enn ekki hafist í þeim.“ Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir hins vegar: „Auk framanskráðra mála eru ein sjö mál til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem yfirheyra þarf Jósep Hjálmar í þeim öllum.“ Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins hafa eigi komið fram næg rök fyrir því, að varnaraðili sé grunaður um aðild að nefndum sjö málum. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1991.

Ár 1991, föstudaginn 12. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jósep Hjálmarí Sigurðssyni, kt. 050861-5979, til lögheimilis að Framnesvegi 48, en með dvalarstað að Flúðaseli 73, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn fjögurra mála, sem kærði er grunaður um aðild að. Fyrsta málið varðar innbrotspjófnad í heildverslun Helga Filippussonar í mars sl., en þar var stolið tölvu, tölvuprentara og myndsenditæki. Þeir, sem aðild áttu að innbrotspjófnaði þessum, hafa borið, að þeir hafi falið kærða að koma þýfinu í verð, en þeir hafi hvorki séð það né fengið neina peninga vegna þessa. Kærði hefur neitað að hafa annast um sölu þýfisins. Hins vegar hafi hann séð það í húsi einu hér í borg, en sé með öllu ókunnugt um, hvar tæki þessi séu nú niður komin.

Í öðru málinu hefur RLR til rannsóknar fölsun tveggja tékka úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands. Kærði hefur kannast við að hafa framselt annan þeirra á veitingastað á Akureyri í maí sl., en sér hafi verið ókunnugt um, að hann hafi verið falsaður. Hafi hann fengið tékkann sem greiðslu frá manni, sem hann vill ekki nafngreina.

Í þriðja málinu, sem til meðferðar er, er verið að rannsaka fölsun átta tékka úr tékkhefti frá SPRON. Kærði kannast við að hafa afhent tveimur mönnum tékka, sem eru úr þessu tékkhefti, en hefur enga grein getað gert fyrir því, hvar hann hafi fengið þessa tékka og hver hafi falsað þá. Hina sex tékkana kveðst kærði alls ekki kannast við.

Fjórdi málið varðar tilraun til fjársvika með greiðslukorti frá Visa Ísland, en í því tilviki reyndi félagi kærða að nota greiðslukortið til greiðslu á veitingum á veitingahúsi hér í borg fyrir þá kærða og tvo aðra. Hefur þessi félagi kærða borið, að kærði hafi útvegað kortið, og hefur kærði kannast við það, en borið, að nafngreindur maður hafi falið sér að geyma kortið. Hann hafi hins vegar vitað, að það var illa fengið.

Í greinargerð RLR kemur einnig fram, að til meðferðar séu sjö mál til viðbótar, sem kærði er grunaður um aðild að, en yfirheyrslur hafi enn ekki hafist í þeim.

Í sakavottorði kærða kemur fram, að hann hefur margsinnis verið dæmdur til refsingar fyrir hegningarlagabrot. Hefur hann sex sinnum setið í fangelsi frá árinu 1979. Hinn 13. júní sl. voru tveir dómar kveðnir upp yfir ákærða í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnad og skjalfals. Var honum gert að sæta 12 mánaða fangelsi. Hvorugur þessara dóma mun hafa borist ríkissaksóknara.

Þá hefur RLR auk þess nýverið sent ríkissaksóknara nokkur mál til meðferðar varðandi kærða.

Af framansögðu verður ekki hjá því komist að álíta, að kærði sé vanaafbrotamaður. Hann afplánaði síðast fangelsisdóm frá 22. júní til 19. desember 1990 og tók fljótlega eftir það upp þráðinn við brotastarfsemi. Telur dómurinn, að veruleg hættu sé á, að kærði haldi uppteknum hætti, haldi hann óskertu frelsi sínu. Með vísan til alls framanritaðs og skirskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir óhjákvæmilegt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155., 248. og 254. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir þó, að gæsluvarðhaldið vari eigi lengur en til laugardagsins 10. ágúst nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jósep Hjálmar Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til laugardagsins 10. ágúst nk. kl. 16.00.
